

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

53. fundur.

að Hlíðavegi 6, 10. mars 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ferðaþjónusta. Stjórn Ferðamálafélags Mývatnssveitar mætir til fundarins í samræmi við bókun á 49. fundi.
3. Fundargerð skólanefndar frá 28. febrúar.
4. Deiliskipulag í Reykjahlíð.
5. Bréf slökkviliðsstjóra vegna tímabundinnar fjarveru.
6. Heimilisþjónusta.
7. Erindi Vegagerðarinnar um vegtengingu og hraðatakmarkanir í Vogum.
8. Fundargerð bygginganefndar frá 23. febrúar.
9. Reikningur til Sniðils vegna gatnagerðargjalda.

Til kynningar:

- a) Eigendaskipti að 1/8 hluta jarðarinnar Geiteyjarströnd II.
- b) Svar landeigenda á Grímsstöðum vegna seyrulosunar.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund. Birkir óskaði eftir að 9. mál yrði tekið á dagskrá.

2. Ferðaþjónusta. Stjórn Ferðamálafélags Mývatnssveitar mætir til fundarins í samræmi við bókun á 49. fundi.

Leifur Hallgrímsson og Yngvi Ragnar Kristjánsson mættu á fund sveitarstjórnar. Samþykkt var að tveir fulltrúar sveitarstjórnar ásamt stjórn Ferðamálafélagsins ynnu áfram að hugmyndum um ferðaþjónustusveitarfélag.

3. **Fundargerð skólanefndar frá 28. febrúar**
Afgreiðslu frestað.
4. **Deiliskipulag í Reykjahlíð.**
Samþykkt að hefja vinnu við deiliskipulagsgerð á óbyggðu svæði milli Birkihrauns og Múlavegar.
5. **Bréf slökkviliðsstjóra vegna tímabundinnar fjarveru.**
Borist hefur bréf frá Þorbergi Ásvaldssyni, slökkviliðsstjóra, þar sem hann óskar eftir tímabundnu leyfi frá starfi slökkviliðsstjóra vegna fjarveru úr Mývatnssveit.
Sveitarstjóri hefur átt fund með slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra og er varraslökkviliðsstjóri reiðubúinn að taka við starfinu tímabundið
Sveitarstjórn fellst á þessa tilhögun.
6. **Heimilisþjónusta.**
Lagt var fram minnisblað frá sveitarstjóra um heimilisþjónustu í hreppnum.
Samþykkt að óska eftir að fulltrúi Félagsþjónustu Þingeyinga mæti á næsta fund sveitarstjórnar.
7. **Erindi Vegagerðarinnar um vegtengingu og hraðatakmarkanir í Vogum.**
Borist hefur bréf frá Vegagerðinni þar sem frá er skýrt að ósk hafi borist um nýja vegtengingu að ferðamannamóttöku í Vogum. Í bréfinu kemur fram að Vegagerðin geti fallist á þessa tengingu verði leyfður hámarkshraði lækkaður í 50 km. á klst..
Sveitarstjórn hefur borist áskorun frá all flestum íbúum í Vogum þar sem mælst er til að hraðatakmark um þéttbýlið í Vogum verði sett við 50 km. á klst.
Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að leyfður hámarkshraði um þéttbýlið í Vogum verði 50 km. á klst.
8. **Fundargerð bygginganefndar frá 23. febrúar.**
Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu bygginganefndar á liðum 1, 5 og 8 í fundargerðinni sem eiga við um Skútustaðahrepp.
9. **Reikningur til Sniðils vegna gatnagerðargjalda.**
Málið var rætt og þarfnast nánari skýringa og verður rætt frekar á næsta fundi.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Guðrún María Valgeirsdóttir,
Jón Óskar Ferdinandsson,
Kristján Stefánsson,
Birkir Fanndal Haraldsson,
Böðvar Pétusson.